

FRIÐUR Í EVRÓPU — UM STUNDARSAKIR, EÐA — ?

I

Það er ekki ofmælt, að ófriður þessi, sem nú er sagður vera á enda í Norðurálfunni, sé stærsta slys mannkynssögunnar. Er þó fjarri mér að segja, að ekki hafi þar neitt gott hlotist af, og er þar fyrst að telja, frá voru sjónarmiði, hið aukna samband við Vesturheim, sem þýðir eigi einungis meiri kynni af Íslendingum og Íslendinganiðjum vestanhafs, heldur einnig betri kost menntunar íslenskra námsmanna en verið hefir áður. Mun vera óhætt að gera ráð fyrir, að sumar bestu menntastofnanir nútímans séu í Bandaríkjunum, og hvergi mundi ég fremur kjósa að nema jarðfræði en þar, og í Canada.

Ýmsir virðast ætla, að ófriður þessi hafi verið nauðsynlegur til að koma menningunni á hærra stig, en ég hygg þó fremur, að auðveldara hefði orðið að komast á sanna framfaraleið, ef tekist hefði að afstýra þessari annarri og meiri heimsstyrjöld.

II

Tveir ágætir Bretar, Sir Francis Younghusband og Dr. Barnes, biskup af Birmingham, hafa, eins og getið er um í Framnýal, látið í ljósi mikinn áhuga á sambandi við íbúa stjarnanna, og talið að leiða mundi til fullkominna alda-skipta í sögu mannkynsins, ef því yrði komið á. Þarf ekki að efa, að þeir hafa þar rétt fyrir sér, en að vísu heldur ekki, að dr. Barnes missýnist, þegar hann gerir ráð fyrir, að slíkt samband mundi, fyrst í stað, leiða til mikilla styrjaldra. Því að hinn veg er. Þegar það samband er komið á, verða ekki styrjaldir; þá mun ríkja þessi óbrigðuli friður, sem ekki

verður án verið, ef í sannleika á að geta orðið um framfara-mannkyn að ræða.

Það virðist vera hin ráðandi skoðun, að það muni duga til að tryggja ævarandi frið, ef þjarmað verður nógug duglega að hinum sigruðu þjóðum. En það hygg ég sé hinn mesti mis-skilningur. Jafnvel þó að hinum sigruðu þjóðum yrði alger-lega útrýmt, þá mundi samt draga til ófriðar að nýju, fyrr eða síðar. Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði má segja þetta fyrir með fullkominni vissu.

Framvindan hér á jörðu hefir verið „dysexeliktisk“; hér er helstefnulíf, helstefnumannkyn, og í sögu slíks mannkyns eru styrjaldir eins sjálfsagðar og kvalaköst í krabbameins-sjúklingi. Mannkyni jarðar vorrar má helst líkja við sjúkling, og þar sem jafnvel svo illa horfir, að lítil von virðist geta verið um bata.

Það er jarðfræðileg niðurstaða, að mannkyn jarðar vorrar sé á þeirri leið, sem svo margar þúsundir líftegunda hér á jörðu hafa verið áður, leiðinni til aldaða tegundarinnar. En það er einnig niðurstaða jarðfræðings, að á þessu megi ráða bót, og hvernig. En þar sem um íslenskar niðurstöður er að ræða, þá eru ekki miklar líkur til, að þeim verði sá gaumur gefinn sem þyrfti. Mín helsta von er jafnvel sú, að þýðingarmiklar íslenskar hugsanir, sem ekki hefir verið vaknað við hér, hvers eðlis eru, kunni að koma fram í útlöndum, eins og þar hefðu þær verið hugsaðar fyrst, og að þá muni þeim hlutnast það fylgi, sem nauðsynlegt er til þess að þær geti að notum orðið. Hér á landi munu menn áreiðanlega vera þess fúsari, að taka undir þá firru, að maður sem á þá leið hefði hugsað, væri vitfirringur, heldur en að láta sér skiljast, að um hugsanir væri að ræða, sem hið mesta riði á að meta rétt og færa sér í nyt. En þessi von míni, sem ég veik á, styðst við ýmislegt, sem gerst hefir í sögu ví-sindanna. Þess má nefna dæmi bæði úr efnafraði, eðlisfraði og liffræði, að þegar einhver hefir gert einhverja merkilega uppgötvun eða hugsað einhverja merkilega hugsun, þá er eins og hún „liggi í loftinu“, og einhver eða einhverjir, sem svipaða hæfileika hafa og frumhöfundurinn, gera þá þessar

sömu uppgötvanir, og hugsa sömu eða líkar hugsanir. Læt ég í þessu sambandi nægja að nefna nöfnin Darwin, Spencer og Wallace. Og í þessu máli mætti minnast þess, hvernig ágætur Breti, Adam Rutherford, hefir, eigi allfáum árum eftir að ég hafði látið í ljósi þá sannfæringu mína, að íslensku þjóðinni sé mjög þyðingarmikið hlutverk ætlað í sögu mannkynsins, örugglega spáð því, að frá Íslandi og þó sérstaklega frá Reykjavík, muni það ljós skína, er mannkyninu sé nauðsynlegt til að komast á leið sannra framfara. Sagði Rutherford þessa síðari heimsstyrjöld fyrir, og að vandræðum mundi verða lokið 1948. En ég hafði í ársbyrjun 1928 skrifað: „Framtíð mannkynsins, að því er þessa jörð snertir, er undir því komin, hvað gerist á næstu 10—20 árum.“ Sjá bók mína Ennýal, s. 114. Nú er það sem mætti gera sér vonir um þetta, að í útlöndum komi einnig fram það sem vantar á, að hinn bjargandi sannleikur hafi til fulls fluttur verið í ritum Rutherfords, og virðist öllu líklegra, að slíkt mundi geta orðið vestan hafs en austan. En þessi bjargandi sannleikur, sem ekki verður án verið, er uppgötvinin á nauðsyn og möguleika sambands mannkyns vors við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins.

(Kafli þessi er skrifaður áður en ég fékk bók Webbs „Um tilga.ig lífsins“; en þar örlar ofurlítið á einmitt þessari hugsun, eins og áður er getið um.)